



SUÐURLANDSVEGUR - TVÖFÖLDUN FRÁ VESTURLANDSVEGI AÐ HÓLMSÁ



Tillaga
að matsáætlun
Mars 2009



SAMANTEKT

Vegagerðin áformar að tvöfalda Suðurlandsveg frá vegamótum Vesturlandsvegar að Hólmsá ofan Reykjavíkur. Aðlaga þarf tengingar mismægra vegamóta við Bæjarháls og tengingar við hringtorg við Breiðholtsbraut. Tvöfalda þarf hringtorg við Norðlingavað og byggja veggöng og aðlaga tengingu við Heiðmörk. Byggð verða mismægr vegamót við Hafravatnsveg og aðlaga þarf lýsingu, reið-, hjóla og gönguleiðir að nýjum tvöföldum vegi. Markmið framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari umferð um Suðurlandsveg með því að aðskilja akstursstefnur og fækka tengingum. Vegurinn verður byggður í áföngum.

Vesturlhuti fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis frá Vesturlandsvegi að Rauðavatni hefur þegar verið undirbúinn og verður akbraut lögð austan núverandi vegar. Við vegamót Breiðholtsbrautar er landrými takmarkað og einnig er þengt að vegsvæði við Rauðavatnsskóg. Á þeim vegkafla verður byggður vegur með þröngu vegsniði. Suðurlandsvegur liggur síðan á bökkum Bugðu (Hólmsár) austan Norðlingaholts á svæði sem að stórum hluta hefur verið raskað með ýmsum framkvæmdum. Lögð verður áhersla á að raska ekki ánni og árbakkanum og því verður vegurinn tvöfaldaður til suðurs eftir að vegurinn þverar Bugðu (Hólmsá) og aftur verður yfirfærsla og breikkun til norðurs þegar farið verður yfir ána í annað sinn.

Tvöföldun Suðurlandsvegar og gerð mismægra vegamóta er matskyld framkvæmd skv. tl. 10. ii. í 1. viðauka laga nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum.

Í matsáætlun þessari sem nú er til meðferðar hjá Skipulagsstofnun er gerð grein fyrir framkvæmdinni og jafnframt lýst hvernig staðið verður að rannsóknum og hvaða umhverfisþætti verður lögð áhersla á að fjalla um í frummatsskýrslu. Þegar matsáætlunin hefur fengið staðfestingu Skipulagsstofnunar verður frummatsskýrsla unnin í samræmi við hana.

Allir hafa rétt til að senda skriflegar athugasemdir vegna matsáætlunarinnar til Skipulagsstofnunar.

Upplýsingar um framkvæmdina eru aðgengilegar á heimasíðum Vegagerðarinnar www.vegagerdin.is, verkfræðistofunnar Eflu www.efla.is, á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is og á heimasíðu Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

Vegagerðin hefur falið verkfræðistofunni Eflu að annast mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Árni Bragason náttúrufræðingur á Eflu er verkefnisstjóri við vinnslu mats á umhverfisáhrifum og Baldvin Einarsson yfirverkfræðingur á Eflu verkstýrir frumhönnun vegarins. Tengiliður framkvæmdaraðila er Magnús Ó. Einarsson verkfræðingur hjá Vegagerðinni.

EFNISYFIRLIT

SAMANTEKT	I
EFNISYFIRLIT	II
MYNDASKRÁ	III
1 INNGANGUR	2
1.1 ALMENNT	2
1.2 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM	2
1.3 TILGANGUR MEÐ MATSÁÆTLUN	2
1.4 YFIRLIT YFIR MATSFERLIÐ	2
1.5 TÍMAÁÆTLUN MATSFERLIS	2
2 FRAMKVÆMDA- OG ÁHRIFASVÆÐI	4
2.1 STAÐSETNING OG STAÐHÆTTIR	4
2.2 AFMÖRKUN FRAMKVÆMDASVÆÐIS	6
2.3 FYRIRLIGGJANDI SKIPULAGSÁÆTLANIR	7
2.4 EIGNARHALD	7
2.5 LEYFISVEITINGAR	8
3 UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMDINA	9
3.1 TILGANGUR OG MARKMIÐ	9
3.2 VEGAMÓT OG VEGTENGINGAR	9
3.3 ÁFANGASKIPTING FRAMKVÆMDA	12
3.4 NÚLLKOSTUR	12
3.5 MISLÆG VEGAMÓT Í FRAMTÍÐINI	12
4 UMFANG OG ÁHERSLUR MATS Á UMHVERFISÁHRIFUM	13
4.1 ÞÆTTIR FRAMKVÆMDAR SEM VALDA UMHVERFISÁHRIFUM	13
4.2 UMHVERFISÞÆTTIR, ÁHERSLUR Í MATSVINNU	13
4.3 FYRIRLIGGJANDI GÖGN	17
5 KYNNING OG SAMRÁÐ	18
5.1 SAMRÁÐ OG KYNNINGAR	18
5.2 KYNNING Á DRÖGUM AÐ TILLÖGU AÐ MATSÁÆTLUN	18
5.3 TILLAGA AÐ MATSÁÆTLUN	18
5.4 KYNNING Á FRUMMATSSKÝRSLU	18
6 HEIMILDIR	19
7 VIÐAUKAR	19

MYNDASKRÁ

Mynd 1-1	<i>Ferli mats á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000 m.s.br.</i>	3
Mynd 2-1	<i>Horft til norðurs yfir fyrirhugað framkvæmdasvæði af Bæjarhálsbrú</i>	4
Mynd 2-2	<i>Sunnanvert Rauðavatn. Fyllt hefur verið út í vatnið vegna vegar og stíga</i>	4
Mynd 2-3	<i>Miklar vatnsborðssveiflur einkenna Rauðavatn. Mynd tekin 5. ágúst 2008.</i>	5
Mynd 2-4	<i>Bensínstöð Olís við Norðlingabraut er vinsæll viðkomustaður.</i>	5
Mynd 2-5	<i>Sumarhús eru við Hólmsá fast við Suðurlandsveg.</i>	6
Mynd 3-1	<i>Horft yfir vegundirgöng á Krókhálsi að vegamótum Vesturlandsvegur.</i>	9
Mynd 3-2	<i>Vegamót við Bæjarháls, horft af brú til suðurs. Aðlaga þarf að- og fráreinar.</i>	10
Mynd 3-3	<i>Vegamót Suðurlandsvegur og Breiðholtsbrautar</i>	10
Mynd 3-4	<i>Ný tenging við Heiðmörk hjá Rauðhólum.</i>	11
Mynd 3-5	<i>Hafravatnsvegamót. Nokkur byggð er sunnan Suðurlandsvegur.</i>	12
Mynd 4-1	<i>Hljóðstig við Suðurlandsveg við núverandi aðstæður (mynd Efla)</i>	16

1 INNGANGUR

1.1 Almennt

Vegagerðin áformar að tvöfalda Suðurlandsveg frá vegamótum Vesturlandsvegar að Hólmsá ofan Reykjavíkur. Aðlaga þarf tengingar mismægra vegamóta við Bæjarháls, og tengingar við hringtorg við Breiðholtsbraut. Tvöfalda þarf hringtorg við Norðlingavað og byggja veggöng og aðlaga tengingu við Heiðmörk. Byggð verða mismægr vegamót við Hafravatnsveg og aðlaga þarf lýsingu, reið-, hjóla og gönguleiðir að nýjum tvöföldum vegi. Byggður verður 2 + 2 vegur og tengingum verður fækkað frá því sem nú er. Markmið framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari umferð um Suðurlandsveg með því að aðskilja akstursstefnur. Vegurinn verður byggður í áföngum.

1.2 Mat á umhverfisáhrifum

Tvöföldun Suðurlandsvegar og gerð mismægra vegamóta er matsskyld skv. tl. 10. ii. í 1. viðauka laga nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum. Vegagerðin hefur falið Eflu hf. verkfræðistofu að annast mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Tengiliður við mat á umhverfisáhrifum er Magnús Ó. Einarsson verkfræðingur hjá Vegagerðinni og Árni Bragason náttúrufræðingur er verkefnisstjóri mats á umhverfisáhrifum og Baldvin Einarsson yfirverkfræðingur stýrir frumhönnun verksins. Tengiliðir Reykjavíkurborgar eru verkfræðingarnir Stefán A. Finnsson og Þorgeir Þorbjörnsson.

Efla hf. hefur tekið saman tillögu að matsáætlun og mun einnig annast gerð og ritstjórn frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

1.3 Tilgangur með matsáætlun

Í matsáætlun er gerð grein fyrir framkvæmdinni, framkvæmda- og áhrifasvæði hennar ásamt þeim þáttum umhverfisins sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum. Í matsáætlun er jafnframt lýst hvernig staðið verður að rannsóknum og hvaða umhverfisþætti verður lögð áhersla á að fjalla um í frummatsskýrslu.

1.4 Yfirlit yfir matsferlið


Aðferðin sem beitt er við mat á umhverfisáhrifum er í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. og reglugerð nr. 1123/2005. Matsferlið skv. lögnum er sýnt á mynd 1.1. Nánari upplýsingar um matsferlið má finna á vef Skipulagsstofnunar, www.skipulag.is.

1.5 Tímaáætlun matsferlis

Drög að tillögu að matsáætlun voru kynnt um tveggja vikna skeið frá 13. febrúar til 2. mars og athugasemdir bárust frá fjórum aðilum (sjá viðauka 2). Tillaga að matsáætlun er nú til meðferðar hjá Skipulagsstofnun.

Fallist Skipulagsstofnun á tillögu að matsáætlun verður hún að gildandi matsáætlun.

Áætlað er að skila frummatsskýrslu inn til meðferðar Skipulagsstofnunar í maí 2009 og að álit Skipulagsstofnunar á matsskýrslu fyrir framkvæmdina geti legið fyrir síðsumars 2009.



Mynd 1-1 Ferli mats á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000 m.s.br. .

2 FRAMKVÆMDA- OG ÁHRIFASVÆÐI

2.1 Staðsetning og staðhættir

Fyrirhuguðu framkvæmdasvæði næst Vesturlandsvegi hefur á undanförunum áratug verið umbylt öllu þannig að ekki er að finna náttúrulegt gróðurlendi eða óhreyfða jarðmyndun. Þegar unnið var að breytingum á tengingum Suður- og Vesturlandsvegur í austurhluta Reykjavíkur var strax gert ráð fyrir fjórum akreinum um Bæjarháls og því var ráðist í nauðsynlegar sprengingar og jarðvegsskipti á svæðinu (mynd 2-1).



Mynd 2-1 Horft til norðurs yfir fyrirhugað framkvæmdasvæði af Bæjarhálsbrú.

Á svæðinu við Rauðavatn hafa verið lagðir stígar og landið jafnað og við sunnanvert vatnið hefur verið fyllt út í það til að koma núverandi Suðurlandsvegi fyrir ásamt reiðstíg og göngustíg (mynd 2-2).



Mynd 2-2 Sunnanvert Rauðavatn. Fyllt hefur verið út í vatnið vegna vegar og stíga

Suðurlandsvegurinn, Hringvegur (1) er aðalsamgönguleiðin suður og austur um land. Vegurinn er ein akrein í hvora átt, án miðdeilis, tvöfalt hringtorg er við Breiðholtsbraut og einfalt hringtorg er við Norðlingavað.

Vesturhluti framkvæmdasvæðisins liggur um grágrýtismyndanir frá síðari hluta ísaldar. Mörg stór misgengi og brotlínur skera svæðið og veglínan liggur í gegnum mikið sprungusvæði með stefnuna SV-NA og liggja sprungurnar því nánast þvert á veglínu Suðurlandsvegur [2,3].

Rauðavatn er um 36,5 hektarar, meðaldýpi um 1 m og mesta dýpi 1,4 m. Vatnið hvílir á fremur lekum grágrýtisgrunni og án afrennslis á yfirborði og vatnasviðið er um 3 km². Miklar vatnsborðssveiflur einkenna vatnið og því er strandsvæði vatnsins lítt gróið. Síkjamarir marar í yfirborði þegar lítið er í vatninu og gefur því lit.



Mynd 2-3 Miklar vatnsborðssveiflur einkenna Rauðavatn. Mynd tekin 5. ágúst 2008.

Rauðavatn er fóðrað af regnvatni og yfirborðsrennslis og hugsanlegt er að grunnvatn komi í það úr Mosfellsheiðarstraumi [4].

Skógurinn við Rauðavatn, sem gengur undir nafninu Rauðvatnsstöðin eða Rauðavatnsskógur er í grunninn einn elsti ræktaði skógur Íslands. Ræktun hófst á svæðinu að tilstuðlan danskra frumkvöðla í skógrækt og landgræðslu árið 1901 [5].



Mynd 2-4 Bensínstöð Olís við Norðlingabraut er vinsæll viðkomustaður.

Bensinstöð Olís er mjög vinsæll viðkomustaður. Stöðin er með verslun og veitingar og hefur verið í rekstri í nokkur ár. Með byggingu stöðvarinnar var þrengt að framtíðar vegstæði Suðurlandsvegur.

Við Bugðu (Hólmsá) austan Norðlingaholts eru íbúðarhús á áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Svæðinu frá Norðlingaholti að Bugðu (Hólmsá) hefur öllu verið umbylt vegna framkvæmda á undanförunum áratugum og lúpína ásamt sjálfgrónum víði þekur svæðið sem tvöföldunin mun taka yfir.

Þegar komið er austur fyrir Hólmsá er komið inn á gróið Elliðavogshraunið (Leitahraun II) sem rann fyrir um 4700 árum. Gervígabyrpingin Rauðhólar er hluti þessa hrauns [11].



Mynd 2-5 Sumarhús eru við Hólmsá fast við Suðurlandsveg.

Vegurinn þverar Hólmsá aftur nokkru austar og fast við veginn eru sumarhús (mynd 2-5) og fjær vegi nokkur heilsárshús.

Svæðinu næst vegi austur fyrir vegamót Hafravatnsvegur og að Hólmsá, þar sem vegurinn þverar ána í þriðja sinn, hefur verið raskað með ýmsum framkvæmdum og vegagerð á undanförunum áratugum.

2.2 Afmörkun framkvæmdasvæðis

Framkvæmdasvæðið er bundið við það svæði sem fer undir veginn ásamt næsta nágrenni hans (sjá yfirlitsmynd 1 í viðauka). Umfang framkvæmdasvæðis ræðst af eftirfarandi þáttum:

- Jarðraski sem að mestu verður bundið við vegstæðið og helgunarsvæði þess, sem skv. vegalögum nr. 80/2007 er 30 metrar frá miðlínu stofnvega.
- Truflun á framkvæmdatíma, sem bundin er við næsta nágrenni vegstæðisins og aðkomuleiða.

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar er það svæði þar sem ætla má að áhrifa af völdum framkvæmdarinnar gæti, bæði á framkvæmdatíma og á rekstartíma. Við mat á umhverfisáhrifum er áhrifum og áhrifasvæði framkvæmdarinnar skipt í þrennt:

-
- Bein áhrif: Við afmörkun áhrifasvæðis vegna beinna áhrifa af völdum jarðrasks á gróðurfar, jarðmyndanir og búsvæði er miðað við ofangreint framkvæmdasvæði, þ.e. 30 m til hvorrar handar frá miðlínu (sjá yfirlitskort). Við mislæg vegamót er mögulegt svæði beinna áhrifa þó töluvert stærra og aðlaga þarf veltengingar við aðliggjandi vegakerfi. Vegna þessa myndar svæði beinna áhrifa belti sem athugað verður í matsvinnunni.
 - Áhrif á landslag, sjónræna þætti og hljóðvist. Hluti af mati á áhrifum framkvæmdarinnar felst í því að meta áhrif hennar á landslag, sjónræna þætti og hljóðvist. Áhrifasvæðið vegna þessara þátta getur þannig verið víðfeðmt. Í frummatsskýrslu verður lagt mat á áhrifasvæðið fyrir þessa þætti.
 - Áhrif betri og öruggari samgangna munu ná yfir Suðurlandsveg og aðliggjandi vegakerfi með fækkun slysa og greiðari umferð.

2.3 Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir

2.3.1 Svæðisskipulag

Í svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 er gert ráð fyrir tvöföldun Suðurlandsvegur á skipulagstímanum. Suðurlandsvegur er skilgreindur sem stofnbraut með mislægum vegamótum að Norðlingaholti í svæðisskipulaginu, en ekki austan þess. Unnið er að breytingum á svæðisskipulaginu.

Gerð verður grein fyrir skipulagsmálum í frummatsskýrslu.

2.3.2 Aðalskipulag

Í aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 er gert ráð fyrir mislægum vegamótum á Suðurlandsvegi við Breiðholtsbraut, við Heiðmerkurveg og við Hafravatnsveg. Stofnstígur reið- og gönguleið er í aðalskipulagi bæði með Rauðavatni en einnig meðfram Suðurlandsvegi.

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki í samræmi við aðalskipulagið, hvorki útfærsla vegamóta né stígar og veggöng.

Í aðalskipulagi Mosfellsbæjar er ekki mörkuð stefna um Suðurlandsveg, en hugmyndir um staðsetningu vegamóta eru í samræmi við vilja skipulagsnefndar og bæjarráðs sveitarfélagsins.

Í frummatsskýrslu verður fjallað um hvernig lega vegarins samræmist fyrirliggjandi skipulagi.

2.3.3 Deiliskipulag

Alls liggja 8 deiliskipulagssvæði að vegkaflanum og einungis í deiliskipulagi Norðlingaholts er gert ráð fyrir tvöfölduninni. Á hinum sjö sem liggja að Suðurlandsvegi, er ekki skipulagt inn á vegsvæðið. Um er að ræða deiliskipulag fyrir Hálsahverfi, deiliskipulag fyrir Grafarlæk, Stekkjarmóa og Djúpadal, deiliskipulag fyrir Klettháls, deiliskipulag fyrir Hádegismóa og deiliskipulag fyrir Suður-Selás.

Í frummatsskýrslu verður fjallað um hvernig fyrirhugaðar framkvæmdir samræmast fyrirliggjandi deiliskipulagi.

2.4 Eignarhald

Framkvæmdasvæðið er að mestu í eigu Reykjavíkurborgar en nokkur svæði eru í eigu einstaklinga. Nokkuð er um leigulóðir bæði sumar- og heilsárshúsa. Í frummatsskýrslu verður fjallað um eignarhald á landi, búsetu og samráði við landeigendur og ábúendur.

2.5 Leyfisveitingar

Framkvæmdin er háð eftirfarandi leyfum:

Framkvæmdaleyfum Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar: Gert er ráð fyrir að sveitarfélögin veiti framkvæmdarleyfi á grundvelli staðfests aðalskipulags og áljits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Heilbrigðiseftirlit: Framkvæmdin fer um umdæmi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis. Suðurlandsvegur fer um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins, fjarsvæði B. Sækja skal um starfsleyfi til viðkomandi heilbrigðiseftirlits vegna nokkurra þátta framkvæmdarinnar, svo sem vinnubúða.

Fiskistofa. Leita þarf leyfis Lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu vegna framkvæmda í og við Hólmsá skv. 33. gr laga nr.61/2006.

Fornleifavernd ríkisins: Gerð hefur verið fornleifaúttekt á framkvæmdasvæðinu. Í frummatsskýrslu verður greint frá helstu niðurstöðum og lagt mat á hvort framkvæmdin ógni fornminjum. Óheimilt er að raska fornminjum nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

Umhverfisstofnun: Leita þarf leyfis Umhverfisstofnunar þar sem framkvæmdasvæðið liggur um friðlýsta svæðið fólkvanginn Rauðhóla. Í reglugerð fólkvangsins segir: *Óheimilt er að gera á svæðinu mannvirki né gera jarðrask, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til. Eftirlit með fólkvanginum er í höndum Umhverfissviðs Reykjavíkur.*

3 UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMDINA

3.1 Tilgangur og markmið

Vegagerðin hyggst tvöfalda Suðurlandsveg frá Vesturlandsvegi að Hólmsá ofan Reykjavíkur. Markmið þessarar framkvæmdar er að byggja veg samkvæmt þversniði A1 (2,75 metra vegöxl að utanverðu, tvo 8 metra vegi, 0,75 metra öxl að 11 metra miðdeili), 34 metra heildarbreidd, með tvær aðskildar akreinar í hvora átt og auka þannig umferðaröryggi og tryggja greiðari umferð um Suðurlandsveg. Vegurinn meðfram Rauðavatnsskógi verður þó með þrengra sniði til að ekki þurfi að skerða skóginn. Vegrið mun verða sett upp til að aðskilja akstursstefnur þar.

Þegar hafa verið byggð mislæg vegamót við Bæjarháls og til stendur að byggja mislæg vegamót við Hafravatnsvegamót og veggöng og aðlaga tengingu við Heiðmörk. Tengingum verður fækkað og þær verða öruggari (sjá yfirlitsmynd 1 í viðauka).

3.2 Vegamót og veltengingar

Nokkrir þættir eru takmarkandi við breikkun vegarins í aðra eða báðar áttir. Fyrsti hluti vegarins frá Vesturlandsvegi að Rauðavatni hefur þegar verið undirbúinn og verður akbraut byggð austan núverandi vegar. Við vegamót Breiðholtsbrautar er komið tvöfalt hringtorg en landrými er takmarkað. Bensínstöð Olís í Norðlingaholti, sem byggð var fyrir fáum árum, takmarkar rými og möguleika á að byggja Suðurlandsveg með A1 þversniði. Rauðavatnsskógur, sem er elsti plantaði skógur landsins frá 1901 [5], liggur að veginum norðanmegin og ekki stendur til að skerða hann. Suðurlandsvegur liggur á bökkum Bugðu (Hólmsár) við Norðlingaholt og því kemur breikkunin norðan núverandi vegar. Áður en komið er að vegamótum Heiðmerkurvegur verður yfirfærsla og breikkun til suðurs því pláss norðan núverandi vegar er takmarkað vegna árinna. Eftir að vegurinn þverar Bugðu (Hólmsá) í annað sinn verður yfirfærsla og breikkun til norðurs vegna húsa sem eru sunnan vegarins.

Vesturlandsvegur

Engar breytingar verða gerðar á mislægum vegamótum við Vesturlandsveg, tengingar verða aðlagar nýjum vegi. Framlengja þarf veggöng við Krókháls (mynd 3-1).



Mynd 3-1 Horft yfir veggöng á Krókhálsi að vegamótum Vesturlandsvegur.

Bæjarháls

Vegamót við Bæjarháls voru byggð 1994 og einungis þarf að aðlaga að- og fráreinar (mynd 3-2). Við Rauðavatn nokkru sunnar þarf að framlengja undirgöng fyrir gangandi sem tengja Seláshverfi við útivistarsvæðið við vatnið.



Mynd 3-2 Vegamót við Bæjarháls, horft af brú til suðurs. Aðlaga þarf að- og fráreinar.

Breiðholtsbraut

Tvöfalt hringtorg er nú við vegamót Breiðholtsbrautar og undirgöng fyrir hesta og gangandi vestan við hringtorgið. Aðlaga þarf vegina að hringtorginu, framlengja göngin og færa stígana. Ekki þarf að skerða Rauðavatn vegna framkvæmdanna.



Mynd 3-3 Vegamót Suðurlandsvegur og Breiðholtsbrautar.

Bensinstöð Olís gegnt Rauðavatnsskógi þrengir verulega að framtíðar vegstæði (mynd 3-3). Vegurinn verður því með þröngum miðdeili og vegriðum við skóginn og milli akbrauta. Þannig er hægt að hafa aðkomu að bensinstöðinni frá Suðurlandsvegi og koma í veg fyrir að skerða þurfi skóginn. Ekki verður hægt að bæta við þriðju akrein í hvora átt á vegkaflanum í framtíðinni nema að skerða skóginn eða breyta aðkomu að eða fjarlægja bensinstöðina.


Norðlingavað

Hringtorg er nú við Norðlingavað sem verður tvöfaldað innávið. Aðlaga þarf tvöfaldan veg að hringtorginu og framlengja undirgöng fyrir gangandi vestan við hringtorgið. Tenging verður frá hringtorginu til að þjóna Norðlingaholti og byggð norðan Suðurlandsvegar, austan Rauðavatns.

Breikkun vegarins er til norðurs austur að Bugðu (Hólmsá). Við núverandi Heiðmerkurveg verður yfirfærsla og breikkun til suðurs.

Heiðmörk

Lagt er til að eftir tvöföldunina komist umferð frá Reykjavík með hægri beygju að Heiðmörk og umferð til austur frá Heiðmörk komist inn á Suðurlandsveg á sama stað (mynd 3-4). Umferð úr Heiðmörk til vesturs verður um nýjan 550 metra einstefnuveg sem liggur frá hringtorgi um norðanverðan Rauðhólafólkvang yfir Bugðu (Hólmsá) og undir tvöfaldan Suðurlandsveg. Umferð úr austri verður að fara að hringtorgi við Norðlingavað og snúa þar til að komast í Heiðmörk.



Mynd 3-4 Ný tenging við Heiðmörk hjá Rauðhólum.

Vegurinn verður breikkaður til suðurs á kaflanum frá Heiðmerkurvegi og þar til komið er aftur yfir Bugðu (Hólmsá). Eins og sjá má á mynd 3-5 þarf að fara yfir ræktað sumarbústaðaland, Árnes, sem stendur á bökkum Bugðu (Hólmsár). Yfirfærsla verður eftir að komið er yfir ána og breikkun til norðurs, austur fyrir Hafravatnsveg og Hólmsá.

Hafravatnsvegur

Áform eru um talsverða uppbyggingu á Hólmsheiði og gert er ráð fyrir að aðaltengingin verði um mislæg vegamót Hafravatnsvegar aðeins austar en núverandi vegamót. Möguleg aðkoma að húsum sunnan vegar getur verið um hliðarveg frá Heiðmerkurvegi.



Mynd 3-5 Hafravatnsvegamót. Nokkur byggð er sunnan Suðurlandsvegur.

3.3 Áfangaskipting framkvæmda

Tvöföldun Suðurlandsvegur og bygging mislægra vegamóta er framkvæmd sem ætluð er til að leysa umferðarmál til næstu áratuga. Gert er ráð fyrir að verkið verði unnið í áföngum. Í frummatsskýrslu verður fjallað um mögulega áfangaskiptingu verksins.

3.4 Núllkostur

Til skoðunar hafa verið ýmsar útfærslur á vegi og vegamótum. Núllkostur er sú lausn að halda óbreyttum vegi og er það ekki talið ásættanlegt vegna umferðaröryggis og líklegar umferðaraukningar.

3.5 Mislæg vegamót í framtíðinni

Í aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 er gert ráð fyrir mislægum vegamótum á Suðurlandsvegi við Breiðholtsbraut, við Heiðmerkurveg og við Hafravatnsveg. Mislæg vegamót við Breiðholtsbraut verða ekki hluti af þessu mati.

Mislæg vegamót hafa verið frumhönnuð við undirbúning þessa verks þannig að framkvæmdir sem ráðast á í nú nýtist sem best síðar ef mislæg vegamóta koma. Frumhönnunin tók bæði til vegamóta við Breiðholtsbraut og vegamóta á austanverðu Norðlingaholti. Áður en hægt verður að ráðast í gerð þeirra þarf að fara fram sérstakt mat á umhverfisáhrifum þeirra.

4 UMFANG OG ÁHERSLUR MATS Á UMHVERFISÁHRIFUM

4.1 Þættir framkvæmdar sem valda umhverfisáhrifum

4.1.1 Jarðrask af völdum vegagerðar

Helstu áhrif á framkvæmdatíma felast í beinum áhrifum á því landsvæði sem fer undir veg, s.s. þar sem vegur fer yfir gróðurlendi, jarðmyndanir eða mannvistarleifar. Vegfyllingar hafa einnig bein áhrif á lífríki. Nýr vegur og mislæg vegamót hafa einnig sjónræn áhrif.

4.1.2 Umferð á framkvæmdatíma

Umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma fylgir hávaði, útblástursmengun, hætta á mengunarslysum, rykmengun vegna efnisflutninga og aksturs á bráðabirgðavegum eða á vegum í aðliggjandi hverfum. Í frummatsskýrslu verður gerð grein fyrir umferð á framkvæmdatíma.

4.1.3 Umferð á rekstrartíma

Umferð um Suðurlandsveg mun hafa áhrif á rekstrartíma framkvæmdarinnar, sem felur í sér mögulegar breytingar á hljóðvist og loftgæðum.

Tvöföldun Suðurlandsvegur er gerð til að auka umferðaröryggi vegfarenda og bæta samgöngur og má í því sambandi gera ráð fyrir að áhrif af völdum framkvæmdarinnar verði jákvæð.

Auk ofangreindra þátta má gera ráð fyrir því að fyrirhuguð veglagning hafi áhrif á hagræna þætti.

4.1.4 Efnistaka

Í framkvæmdina þarf efni í fyllingar, burðarlög og slitlag. Efnistaka verður í samræmi við VI. kafla og ákvæði nr. IV til bráðabirgða í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Í frummatsskýrslu verður gerð grein fyrir efnispörf og möguleikum til efnistöku vegna framkvæmdarinnar.

4.2 Umhverfisþættir, áherslur í matsvinnu

4.2.1 Almennt

Í frummatsskýrslunni verður fjallað um þá þætti umhverfisins sem hugsanlega geta orðið fyrir umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar, bæði á framkvæmdatíma og rekstrartíma.

Í þessari tillögu að matsáætlun eru kynntir þeir umhverfisþættir sem talin er ástæða til þess að fjalla um í matsferlinu. Við ákvörðun um hvaða þætti bæri að athuga, voru fyrirbyggjandi gögn skoðuð, mið tekið af kröfum í lögum og reglugerðum og samráð haft við helstu umsagnaraðila. Við matið er farið eftir lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 1123/2005. Einnig er stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um mat á umhverfisáhrifum [12] og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa [13]. Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti er stuðst við tiltekin viðmið s.s. stefnumörkun stjórnvalda, lög og reglugerðir og alþjóðasamninga.

4.2.2 Umhverfispættir

Í frummatsskýrslu verður lögð áhersla á eftirtalda þætti:

- Jarðfræði og jarðmyndanir
- Náttúruminjar
- Vatnsvernd og vatnafar
- Landslag og sjónræna þætti
- Samgöngur
- Gróður, fugla og fiska
- Fornleifar
- Hljóðvist og loftgæði
- Útivist
- Umhverfisáhrif á framkvæmdatíma

Hér á eftir verður fjallað stuttlega um hvern þessara þátta, fyrirhugaðar og yfirstandandi rannsóknir og þær áherslur sem settar verða fram í frummatsskýrslu.

4.2.3 Jarðfræði og jarðmyndanir

Jarðvinna vegna vegagerðarinnar getur raskað jarðmyndunum sem á einhvern hátt þykja verndar verðar eða sérstæðar. Í frummatsskýrslu verður jarðfræði og jarðmyndunum innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis lýst, ásamt því að fjalla um sérstöðu þeirra og verndargildi m.t.t. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á jarðmyndanir svæðisins verða metin og lagðar til mótvægisáðgerðir ef nauðsynlegt er.

4.2.4 Gróður

Veglagningin mun hafa bein áhrif á gróður þar sem tvöfaldur vegur tekur yfir stærra svæði en núverandi vegur. Til að leggja mat á áhrif á gróðurfar innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar var framkvæmdasvæðið tekið út sumarið 2008. Gróðurþekja, tegundasamsetning og fjölbreytni gróðurlenda var metin, ásamt því að athuga hvort sjaldgæfar tegundir eða gróðurlendi sé þar að finna. Ennfremur hvort friðlýstar tegundir eða tegundir sem settar hafa verið á Válista Náttúrufræðistofnunar Íslands sé að finna á svæðinu, eða vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Í frummatsskýrslu verður fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfar og lagðar til mótvægisáðgerðir ef þörf þykir.

4.2.5 Fuglar

Rask af völdum framkvæmdarinnar mun hafa áhrif á búsvæði fugla. Til að leggja mat á áhrif á fuglalíf var framkvæmdasvæðið rannsakað vorið og sumarið 2008. Einnig verður stuðst við úttektir sem gerðar hafa verið á fuglalífi í nágrenni framkvæmdasvæðisins vegna annarra framkvæmda á undanförunum árum. Í frummatsskýrslu verður gerð grein fyrir niðurstöðum og m.a. tilgreint hvort einhverjar fuglategundir sem eru á Válista Náttúrufræðistofnunar Íslands finnast á áhrifasvæðinu. Lagðar verða fram tillögur að mótvægisáðgerðum ef þörf þykir.

4.2.6 Fiskar

Suðurlandsvegur þverar Hólmsá/Bugðu þrisvar sinnum. Víðtækar rannsóknir hafa farið fram á svæðinu á undanförunum árum. Veiðimálastofnun hefur lagt mat á hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á líf í Rauðavatni og á vatnasvið Elliðaáanna (Hólmsár og Bugðu).

Í frummatsskýrslu verður fjallað um áhrif framkvæmdarinnar og fjallað um mögulegar mótvægisáðgerðir ef þörf þykir.

4.2.7 Náttúruminjar

Suðurlandsvegur liggur nálægt fólkvangnum í Rauðhólum [9]. Breyta þarf og aðlaga tengingar Suðurlandsvegur og Heiðmerkur sem liggja innan fólkvangsins.

Í frummatsskýrslu verður fjallað um forsendur þess að svæðið var friðlýst og áhrif framkvæmdarinnar á fólkvanginn.

4.2.8 Fornleifar

Teknar hafa verið saman upplýsingar um fornleifar á svæðinu og þær staðsettar [1]. Í frummatsskýrslu verður gerð grein fyrir niðurstöðum þessara skráninga og lagðar til mótvægisáðgerðir ef nauðsyn þykir.

4.2.9 Vatnsvernd

Suðurlandsvegur fer um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins, fjarsvæði B. Í frummatsskýrslu verður fjallað um vatnsvernd og þau ákvæði sem uppfylla þarf á framkvæmdasvæðinu innan vatnsverndarsvæða á framkvæmda og rekstrartíma [10]. Fjallað verður um hvernig vegurinn hefur áhrif á vatnsverndina. Áhættu vegna umferðar og hugmyndir um hvaða lausnir eru mögulegar til að draga úr hættu á mengun vegna umferðar og flutnings á hættulegum efnum.

Framkvæmdasvæðið er á bökkum Bugðu/Hólmsár. Í frummatsskýrslu verður fjallað um nauðsynlegar varúðarráðstafanir vegna framkvæmda við ána og þörf á vöktun á meðan á framkvæmdum stendur og eftir að þeim lýkur.

4.2.10 Vatnafar


Suðurlandsvegurinn þverar Hólmsá tvisvar í nágrenni við Rauðhóla og vegtenging við Heiðmörk liggur fremur lágt í landi.

Í frummatsskýrslu verður gerð grein fyrir þeirri náttúruvá sem stafar af flóðum á framkvæmdasvæðinu og fjallað um mögulegar mótvægisáðgerðir.

4.2.11 Hljóðvist og loftgæði

Þétt byggð er við framkvæmdasvæðið við Rauðavatn. Hljóðvist í dag á framkvæmdasvæðinu er sýnd á mynd 4-1. Á myndinni sést að hljóðstig við húsvegg er nú á bilinu 44 - 61 dB(A), hæst hjá húsum við Viðarás. Viðmiðunargildi samkvæmt reglugerð 724/2008 er 55 dB(A) við húsvegg. Hljóðstigið í Rauðavatnsskógi næst veginum er yfir þeim mörkum sem sett er í reglugerð fyrir útivistarsvæði. Hljóðstig á stígum meðfram Rauðavatni vestanverðu er einnig yfir mörkum.

Í frummatsskýrslu verður gerð grein fyrir hljóðvistarútreikningum m.t.t. ákvæða reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða. Gerð verður grein fyrir núverandi hljóðvist og mögulegum mótvægisáðgerðum. Einnig verður lagt mat á hugsanlegar breytingar á loftgæðum vegna framkvæmdarinnar.



Mynd 4-1 Hjóðstig við Suðurlandsvegur við núverandi aðstæður (mynd Efla)

4.2.12 Landslag og sjónrænir þættir

Jarðrask af völdum framkvæmdanna getur haft í för með sér áhrif á landslag og sjónræna þætti. Í frummatsskýrslu verður fjallað um sjónræn áhrif framkvæmdarinnar og áhrif hennar á landslag. Í þeim tilgangi verða sýndar líkanmyndir af völdum stöðum og mismöglegum vegamótum og mat lagt á sýnileika framkvæmdarinnar. Við mat á áhrifum á landslag og sjónræna þætti verður greint frá mögulegum mótvægisáðgerðum.

4.2.13 Útivist

Í frummatsskýrslu verður gerð grein fyrir hugsanlegum áhrifum framkvæmdarinnar á útivist.

4.2.14 Samgöngur

Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur og auka öryggi vegfarenda. Í frummatsskýrslu verður gerð grein fyrir núverandi umferð og umferðaröryggi ásamt væntanlegum breytingum.

Einnig verður fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á gangandi, hjólandi og ríðandi vegfarendur.

4.2.15 Umhverfisáhrif á framkvæmdatíma

Meðan á framkvæmdum stendur munu þær að öllum líkindum valda tímabundnum áhrifum á hjóðvist, loftgæði og umferð. Í frummatsskýrslu verður fjallað um framkvæmdatilhögun, hugsanleg áhrif á ofangreinda þætti og til hvaða mótvægisáðgerða sé unnt að grípa verði þess þörf á framkvæmdatíma.

4.3 Fyrirliggjandi gögn

Talsverð vinna hefur farið fram vegna skoðunar á valkostum vegna Suðurlandsvegjar, mislægra vegamóta og aðliggjandi vega [6,7,8]. Rannsóknir og úttektir hafa einnig verið gerðar vegna hugmynda um framkvæmdir í nálægð við Suðurlandsveg svo sem vegna skipulags á íþróttasvæði við Rauðavatn. Gögn þessi nýtast ásamt þeim gögnum sem aflað hefur verið með rannsóknum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar.

5 KYNNING OG SAMRÁÐ

5.1 Samráð og kynningar

Framkvæmdin hefur verið undirbúin með samráði Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar.

Á meðan á matsvinnu stendur verður haft samráð við lögboðna umsagnaraðila, landeigendur og aðra hagsmunaaðila í samræmi við ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. Gögnin verða aðgengileg almenningi í samræmi við ofangreind lög. Sækja má gögn sem eru í kynningu á hverjum tíma á vef verkfræðistofunnar Eflu www.efla.is, Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is og Vegagerðarinnar www.vegagerdin.is.

5.2 Kynning á drögum að tillögu að matsáætlun

Drög að tillögu að matsáætlun voru aðgengileg á ofangreindum heimasíðum frá 13. febrúar til 2. mars 2009 í samræmi við 14. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum. Almennings, hagsmunaaðilum og lögbundnum umsagnaraðilum gafst tækifæri til að kynna sér framkvæmdina og koma með athugasemdir við drögin.

Athugasemdir og ábendingar bárust frá fjórum aðilum og eru þeim þakkaðar góðar ábendingar og athugasemdir.

Innsendar athugasemdir og ábendingar ásamt svörum Vegagerðarinnar eru í viðauka 2.

5.3 Tillaga að matsáætlun

Tillaga að matsáætlun er nú til meðferðar hjá Skipulagsstofnun. Við meðferð Skipulagsstofnunar verður tillagan send lögbundnum umsagnaraðilum til umsagnar. Jafnframt verður tillagan auglýst og gerð aðgengileg á heimasíðum Skipulagsstofnunar (www.skipulag.is), Vegagerðarinnar (www.vegagerdin.is), Reykjavíkurborgar (www.reykjavik.is) og á heimasíðu verkfræðistofunnar Eflu (www.efla.is).

Allir hafa rétt til að senda skriflegar athugasemdir til Skipulagsstofnunar.

5.4 Kynning á frummatsskýrslu

Við gerð frummatsskýrslunnar verður haft samráð við almenning, Skipulagsstofnun og umsagnaraðila í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum. Áætlað er að skila frummatsskýrslu til Skipulagsstofnunar í maí 2009.

Niðurstöður matsvinnunnar verða kynntar almenningi í samráði við Skipulagsstofnun á kynningartíma frummatsskýrslunnar. Frummatsskýrslan verður aðgengileg á opinberum stöðum, auk þess að verða aðgengileg á heimasíðum Vegagerðarinnar, Reykjavíkurborgar, Eflu verkfræðistofu og Skipulagsstofnunar. Nánari upplýsingar um aðgang að skýrslunni verða auglýstar síðar í fjölmiðlum.

6 HEIMILDIR


1. Anna Lísu Guðmundsdóttir 2007. Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá gatnamótum við Vesturlandsveg austur fyrir Rauðavatn. Minjasafn Reykjavíkur Skýrsla nr. 136.
2. Helgi Torfason 1994. Athugun á sprungum í vegstæði vestan Rauðavatns. OS-94025/JHD-13 B. Unnið fyrir Vegagerðina.
3. Helgi Torfason og Halldór Torfason 1995. Athuganir á brotalínnum milli Rauðavatns og Elliðavatns. OS-95032/JHD-21 B. Unnið fyrir Borgarskipulag Reykjavíkur.
4. Hilmar J. Malmquist, Haraldur Rafn Ingvason og Finnur Ingimarsson 2006. Grunnrannsókn á lífríki Rauðavatns. Náttúrustofa Kópavogs.
5. Jón Geir Pétursson 2007. Rauðavatnsskógur. Úttekt á skóginum vegna fyrirhugaðrar vegagerðar. Skógræktarfélag Íslands.
6. Línuhönnun, 2006. Jarðkönnun, 2+1 Breikkun – Hellisheiði. Vegaverðin.
7. Línuhönnun 2002. Hringvegur 1-e2 – Hafravatnsvegur Breiðholtsbraut.
8. Línuhönnun, 2007. Hringvegur (1) Þorlákshafnarvegur – Hafravatnsvegur 2 + 1 vegur. Forhönnun. Greinargerð. Vegagerðin.
9. Náttúruverndarráð 1996: Náttúruminjaskrá 7. útgáfa. Náttúruverndarráð, Reykjavík.
10. Páll Stefánsson 2005. Framkvæmd vatnsverndar og stjórnun vatnsauðlindar á höfuðborgarsvæðinu. Orkuveita Reykjavíkur.
11. Sigmundur Einarsson 1995. Hellisheiði og Kristnitökuhraun. Eyjar í Eldhafi. Afmælisrit til heiðurs Jóni Jónssyni. Gott mál.
12. Skipulagsstofnun 2005: *Leiðbeiningar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda*. Skipulagsstofnun.
13. Skipulagsstofnun 2005: *Leiðbeiningar um flokkun umhverfispátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa*. Skipulagsstofnun.

Myndir í skýrslu: Efla verkfræðistofa, Vegagerðin, Jón Geir Pétursson.

7 VIÐAUKAR

Viðauki 1 Yfirlitsmynd yfir framkvæmdasvæðið

Viðauki 2 Athugasemdir vegna draga að tillögu að matsáætlun og svör Vegagerðarinnar.



Skýringar


- Nýjir vegkantar
- Göngustígur
- Reiðstígur
- Brýr/undirgöng
- Núverandi kantar
- Lóðir
- Vötn/ár

Sveitarfélagamörk

Skipulag Hólmsheiðar, er í vinnslu

Frumdrög

Suðurlandsvegur, tvöföldun Vesturlandsvegur - Hólmsá				vegnúmer 1 - e2/e3
Yfirlitsmynd Heild				
01-Yfirlitsmynd -Heild.dgn	Mælikvarði (A3) 1:15000	Lín teikning nr. NH-03	Útgáfa 0	teikning nr.



EFLA VERKFRÆÐISTOFA	
DAGSETNING	NAFN
HANNAÐ Jan. 2009	HJÓ
TEIKNAD Feb. 2009	HJÓ
YFIRFARIÐ X	X
Óg. breyting	dag. nafn átt. SAMÞYKKT



Svör Vegagerðarinnar vegna athugasemda við drög að tillögu að matsáætlun.

1. Börn Jóns Halldórssonar gera athugasemdir með bréfi dags 28. febrúar 2009.

Svar Vegagerðarinnar

Pakkað er fyrir ábendingar. Ljóst er að með tvöföldun vegarins til suðurs verður farið inna á umrætt sumarhúsaland þannig að vegurinn og veghelgunarsvæðið mun taka yfir stóran hluta þess. Fulltrúar Vegagerðarinnar munu hafa sambandi við rétthafa landsins varðandi framgang málsins á síðari stigum undirbúnings framkvæmdarinnar.

2. Ríkharður Fr. Friðriksson, Bjallavaði 15, 110 Reykjavík gerir athugasemd með tölvubréfi 18. febrúar 2009.

Svar Vegagerðarinnar:

Pakkað er fyrir ábendingar varðandi hljóðvist og loftgæði. Hljóðvist verður skoðuð og metin út frá núverandi aðstæðum þ.e. miðað verður við núverandi byggð en ekki skuggaáhrif vegna væntanlegrar byggðar.

Tekið verður tillit til ábendinga vegna tímabundinnar aukningar umferðar um Norðlingabraut á framkvæmdatíma.

3. Heilbrigðisfulltrúi Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar gerir athugasemdir með bréfi 27. febrúar 2009.

Svar Vegagerðarinnar:

Tekið verður tillit til framkominnar ábendinga.

4. Athugasemdir frá vélhjólamönnum, Guðmundur Tryggvi Ólafsson f.h. Slóðavina og Hrafnkeli Sigtryggssyni f.h. Vélhjólaklúbbsins VÍK.

Svar Vegagerðarinnar:

Pakkað er fyrir ábendingar varðandi núverandi aðstæður og umferð vélhjóla við Suðurlandsveg.

Í drögum að tillögu að matsáætlun er gert ráð fyrir umfjöllun um útivist og samgöngur. Umfjöllun um umferð og útivist vélhjólamanna er m.a. eitt af því sem fjallað verður um í frummatsskýrslu.

Til Vegagerðar ríkisins
Bt. Árna Bragasonar, Eflu.

Kópavogi 28.02.2009

Við undirrituð börn Jóns Halldórsson kt. 281017-2099 er lést 8. desember sl. gerum hér með athugasemd við áætlun um að tvöfalda Suðurlandsveg frá Vesturlandsvegi að Hólmsá, þar sem vegstæðið fer inn á svæði sem faðir okkar hefur ræktað mikinn skóg á. Sumarhúsaland þetta hefur fastanúmer 2057596. Fjölskyldan hefur haft landið til umráða og ræktunar í rúm 50 ár og mikil vinna verið lögð í gróðurinn á landinu.

Við undirrituð teljum að fyrirhugaðar áætlanir um vegaf framkvæmdir muni hafa í för með sér mikil neikvæð áhrif á gróður á sumarhúsalandinu og auka mjög umferðarhávaða á svæðinu.

Virðingarfyllst,

f. hönd meðangæindsa; Kristín S. Jónsdóttir

Halldór Jónsson kt. 070450-3649, Álfaheiði 16 Kóp.

Kristín S Jónsdóttir kt. 080751-4199, Álfaheiði 14 Kóp.

Guðrún S. Jónsdóttir kt. 271253-2819, Víðihvammi 17 Kóp.

Steinunn Jónsdóttir kt. 240843-2429, Suðurbraut 12 Hf.



Komdu sæll Árni.

Undirritaður hefur farið yfir fyrirbyggjandi drög að tillögu að matsáætlun vegna Suðurlandsvegar - tvöföldun frá Vesturlandsvegi að Hólmsá.

Hér neðangreint eru nokkrar athugasemdir sem ég tel að taka mætti til skoðunar við matsferlið:

- Undir mynd 4-1, bls. 14, segir: Hljóðstig við Suðurlandsveg við núverandi aðstæður. Á myndinni má sjá hvar hús við Norðlingabraut og Bjallavað eru skráð sem hús samkvæmt skipulagi. Það reynist ekki rétt nema að hluta. Hið rétta er að húsin við Norðlingabraut hafa ekki öll verið byggð og eru því réttilega skráð sem hús samkvæmt skipulagi en Bjallavað 1-3 og 13-17 eru núverandi hús. Undirritaður telur að réttast væri að skoða hljóðvist og loftgæði (kaflí 4.2.10) með tilliti til þessa.
- Á framkvæmdartímanum má gera ráð fyrir að aukin umferð verði tímabundið um Norðlingabraut. Vert er að tilgreina þann þátt og skoða til hlítar með tilliti til hljóðvistar, loftgæða og samgangna.

Að öðru leiti fagnar undirritaður fyrirhugaðri framkvæmd og þeim umferðarbótum sem af henni hlýst.

Virðingarfyllst,

Ríkhaldur Fr. Frídríksson,
Bjallavað 15, 110 Rvk.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og samgöngusvið

Efla verkfræðistofa
b.t. Árna Bragasonar
Suðurlandsbraut 4a
108 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. febrúar 2009
Tilvísun: 2009020403

Umsögn um drög að tillögu að matsáætlun, Suðurlandsvegur - tvöföldun frá Vesturlandsvegi að Hólmsá

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur mótttekið drög að tillögu að matsáætlun, Suðurlandsvegur - tvöföldun frá Vesturlandsvegi að Hólmsá. Að mati heilbrigðiseftirlitsins er nauðsynlegt að gera grein fyrir mismunandi útfærslum á hverjum þætti vegarins í umhverfismati og flokka þær eftir umfangi umhverfisáhrifa. Taka skal fram í tillögu að matsáætlun að það verði gert. Heilbrigðiseftirlitið áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst
f.h. Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar


Svava S. Steinarsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi

Sæll Árni Bragason

Athugasemdir og ábendingar vegna matsáætlunar um tvöföldun Suðurlandsveggar.

Vegna áforma Vegagerðarinnar um tvöföldun Suðurlandsveggar og þeirrar matsáætlunar sem kynnt hefur verið telja forsvarsmenn Slóðavina og Vík (Vélahjólaiþróttaklúbburinn) nauðsynlegt að gera athugasemdir við áformin og jafnframt koma með ábendingar um hvernig betur megi koma til móts við fleiri notendur vega og slóða á umræddu svæði.

Athugasemd okkar er sú að ekki virðist gert ráð fyrir akstursleiðum fyrir torfærumótorhjól í matsáætluninni. Helsta athafnasvæði fyrir torfæru/enduro mótorhjól og fjórhjól á höfuðborgarsvæðinu er við Bolaöldu, á móts við Litlu Kaffistofuna, en þangað skortir skipulagðan vegslóða frá höfuðborgarsvæðinu.

Ábendingar okkar eru þær að mörkuð verði lína með upphafspunkt við Olís Norðlingaholti, sem svo liggur samsíða Suðurlandsveginum norðanmegin að mestu á því svæði sem matsáætlunin nær til.

Með því að gera aðskilda akstursleið fyrir torfærumótorhjól frá höfuðborgarsvæðinu að Bolaöldu er hægt að draga verulega úr núningi við aðra útivistarhópa og umferð á svæðinu. Ekki er hægt að ætla torfærumótorhjólum að vera þátttakendur í umferðinni á Suðurlandsveginum þar sem dekk, ferðahraði (***hámarkshraði torfæruhjóla er 70-80 km***) og búnaðurinn allur er ekki heppilegur til aksturs á malbiki út frá öryggissjónarmiðum.

Með því að taka tillit til vélahjóla verður hægt að ná tökum á akstri hjólanna á reið og göngustígum. Vélahjól notast við þessar leiðir í dag í trássi við merkingar og fyrirmæli félagasamtaka eins og VÍK. Þetta mun halda áfram þangað til hægt verður að beina umferðinni á aðra malarbornar slóðir.

Undirritaðir eru tilbúnir til að kynna frekar sjónarmið mótorhjólakumanna og tillögur að mögulegum lausnum.

Selfossi, 2. mars 2009

Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Slóðavinir. www.slodavinir.org

Hrafnkell Sigtryggsson, VÍK. www.motocross.is